

**Nd. 117. Frumvarp til laga [96. mál]**

um breyting á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 29/1963, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

14. gr. laganna breytist svo:

- a) Aftan við 1. málslíð 6. mgr. 14. gr. bætist: sbr. þó 8. mgr.
- b) Á eftir 6. mgr. koma þrjár nýjar málsg. svo hljóðandi:

Ef sjóðfélagi lætur ekki eftir sig maka, en aftur á móti börn, sem voru að hluta eða öllu leyti á framfæri hins látna sjóðfélaga, skal makalífeyririnn ganga til barnanna fram til 24 ára aldurs. Heimilt er að framlengja þær greiðslur samkvæmt nánari ákvörðun sjóðsstjórnar ef um er að ræða langvarandi sjúkdóm, fötlun eða aðrar erfiðar félagslegar aðstæður barna sjóðfélaga.

Ef um er að ræða að sjóðfélagi láti eftir sig maka, sem hann hefur fyrir andlátíð slitíð samvistum við, skal makalífeyririnn við sambærilegar aðstæður og um getur í 7. mgr. þessarar greinar skiptast að jöfnu á milli makans og barnanna.

Réttur barna sjóðfélaga samkvæmt 7. og 8. mgr. skerða ekki rétt þeirra samkvæmt 16. grein þessara laga.

- c) Upphaf 1. málslíðar síðustu mgr. 14. gr. hljóðar svo:

Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka né börn, en einstæð móðir hans o. s. frv.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Markmið þeirra breytinga, sem hér er lagt til að gerðar verði á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, er að við fráfall sjóðfélaga gangi lífeyrisréttindi til barna hans undir sérstökum kringumstæðum.

Þær kringumstæður, sem hér um ræðir, eru að sjóðfélagi láti ekki eftir sig maka, en barn eða börn, og skulu lífeyrisréttindi sjóðfélagans þá ganga til barna hans fram til 24 ára aldurs, hafi börn að hluta eða öllu leyti verið á framfæri hins látna. Hér er um að ræða ekkjur, ekkla eða einstæða foreldra sem ekki hafa verið í sambúð eða hjónabandi. Heimilt er einnig að framlengja greiðslur ef um er að ræða langvarandi sjúkdóm, fötlun eða aðrar félagslegar aðstæður barna sjóðfélaga.

Í annan stað er lagt til að ef sjóðfélagi sé einstætt foreldri, sem láti eftir sig maka, sem sjóðfélagi hefur fyrir andlátið slitið samvistum við, skuli makalífeyririnn við sambærilegar aðstæður skiptast að jöfnu milli makans og barnanna.

Þær reglur, sem nú gilda um lífeyrisréttindi látins sjóðfélaga, sem greitt hefur til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, er að eftirlifandi maki fær greiddan makalífeyri. Hafi sjóðfélagi verið tvígiftur og lætur eftir sig tvo maka skiptist makalífeyririnn milli þeirra í hlutfalli við þann tíma sem hvor þeirra hefur verið giftur hinum látna á þeim tíma sem hann ávann sér lífeyrisréttindin. Að auki er heimilt, *ef sjóðfélagi lætur ekki eftir sig maka* en einstæð móðir hans, ógift systir hans eða annar ógiftur aðili hafi sannanlega annast heimili hans um árabíl fyrir andlát hans, þó eigi skemur en 5 ár, að greiða hlutaðeigandi makalífeyri eins og um ekkju eða ekkil væri að ræða. Með þessu ákvæði er opnaður möguleiki á að greiða öðrum aðila en maka makalífeyri. Enn fremur fá börn látins sjóðfélaga greiddan barnalífeyri til 18 ára aldurs. Ef barnið á foreldra eða kjörforeldra á lífi er sér um framfærslu þess er samlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Barnalífeyrir, sem Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins greiðir í dag, er því 808 kr. Ef barn á hins vegar ekki foreldri eða kjörforeldri á lífi er greiddur úr Lífeyrissjóðnum tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga, eða 1 616 kr.

Það eru ekki síst einstæðir foreldrar, s. s. ekkjur og ekkjar, sem þurfa að bera kvíðboga yfir því hvað verður um afkomu barnanna við fráfall þeirra. Hvaða fjárhagslega afkomu er barni tryggð hjá lífeyrissjóðunum ef einstætt foreldri þess fellur frá sem greitt hefur e. t. v. áratugum saman 4% af launum sínum til sjóðsins? Svarið er að til 18 ára aldurs er greiddur tvöfaldur barnalífeyrir, þ. e. 1 616 kr. Engar greiðslur koma eftir 18 ára aldur, hvernig svo sem félagslegum aðstæðum barnsins er háttáð. Munaðarlaus börn eða börn einstæðra foreldra eiga því ekki margra kosta vól þegar lífeyrisréttindi móður eða föður tryggja þeim aðeins þessa litlu lífeyrisupphæð til 18 ára aldurs.

Við fráfall sjóðfélaga, sem lætur eftir sig maka og börn, nýtast áunnin lífeyrisréttindi miklu betur nánustu ættingjum (maka og börnum) heldur en áunnin lífeyrisréttindi ekkju nýtast börnum hennar undir sömu kringumstæðum, jafnvel þó að hún hafi greitt jafnlengi og jafnmikið í lífeyrissjóð og sá sjóðfélagi sem lætur eftir sig maka og börn.

Auk barnalífeyris er greiddur makalífeyrir til eftirlifandi maka, að lágmarki 20% af launum sjóðfélagans, en við bætist 1% af launum fyrir hvert ár sem sjóðfélagi hefur greitt í sjóðinn. Þessum lífeyrisréttindum heldur makinn svo lengi sem hann giftir sig ekki aftur.

Gefa má af þessu gleggri mynd:

Kona A: Hefur greitt í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins í 25 ár 4% af launum sínum. Hún var í 15. lfl. starfsmanna ríkisins, 3. þrepi, og með í laun 1. okt. 16 402 kr. Er gift og á tvö börn.

Kona B: Hefur greitt í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins í 25 ár 4% af launum sínum. Hún er í 15. lfl. starfsmanna ríkisins, 3. þrepi, eða með 16 402 kr. 1. okt. s. l. Er ekkja og á tvö börn.

Báðar hafa því greitt jafnmikið og jafnlengi til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. En hverju skila áunnin lífeyrisréttindi nánustu aðstandendum (börnum og maka) í lífeyrisgreiðslum ef þær falla frá?

Kona A: Maki fær greiddan makalífeyri svo lengi sem hann kvænist ekki aftur .....	kr. 7 381 á mán.
Barnalífeyrir til 18 ára aldurs barnanna, samantlagt með báðum börnum .....	kr. 1 616 á mán.

Samtals kr. 8 997 á mán.

Kona B: Börnin fá greiddan tvöfaldan barnalífeyri til 18 ára aldurs .....

Samtals kr. 3 232 á mán.

Af þessu má sjá að þó að báðar þessar konur hafi greitt jafnlengi í lífeyrissjóð tryggja lífeyrisréttindi ekkjunnar B fjárhagslega afkomu nánustu aðstandenda mun verr en hjá konu A.

Eins og fyrr greinir er heimilt undir sérstökum kringumstæðum, þ. e. ef sjóðfélagi lætur ekki eftir sig maka, að greiða öðrum, s. s. einstæðri móður eða ógiftri systur, makalífeyri ef þær hafa annast heimili hins látna sjóðfélaga. Fordæmið er því fyrir hendi að aðrir en makar geta fengið greiddan makalífeyri. Það sem hér er lagt til er að makalífeyrir geti undir sérstökum kringumstæðum runnið til barna sjóðfélaga sem ekki lætur eftir sig maka.

Hér verður að telja að um sanngirnismál sé að ræða sem kosti lífeyrissjóðina lítið, en geti tryggt fjárhagslega afkomu foreldralausra barna og ungmenna mun betur en nú er, þegar sérstaklega stendur á, svo sem vegna skólagöngu barnsins, langvarandi sjúkdóms, fötlunar eða annarra félagslegra aðstæðna.

Á annað ber einnig að líta. Ef aðeins annað foreldrið er á lífi er það bæði sanngirnismál og öryggi fyrir ekkjur og ekkla að geta treyst því að við fráfall þeirra tryggi margra ára greiðsla af launum þeirra til lífeyrissjóðanna bærilega fjárhagsafkomu barna þeirra á uppvaxtarárunum, geri þeim t. d. kleift að stunda nám.

Í frumvarpi til barnalaga, sem var til meðferðar á 103. löggjafarþingi, var lagt til að framlag til menntunar eða starfsþjálfunar barns væri heimilt að ákveða allt til þess að barn nær 24 ára aldri. Var þar vísað til þess að þetta ákvæði væri í dönsku barnalögunum frá 1960. Í meðförum þingsins var þessu breytt og miðað við 20 ára aldur.

Það er orðið æ algengara að ungt fólk fari í framhaldsnám að loknu skyldunámi. Þótt vissulega sé það ekki algilt þá á ungt fólk oft bakhjarl í einni eða annarri mynd í foreldrahúsum á þeim tíma. En foreldralaus ungmenni eiga síður nokkurn slíkan bakhjarl við þær aðstæður. M. a. þess vegna er miðað við 24 ára aldur í þessu frumvarpi, auk þess sem það er sanngirnismál að einstæðir foreldrar geti búið við það öryggi og réttlæti að þau lífeyrisréttindi, sem renna til maka og barna sjóðfélaga, geti, ef maki er ekki á lífi, runnið til að tryggja m. a. skólagöngu barna þeirra til 24 ára aldurs.

Að því er menntun og starfsþjálfun viðkemur hefur löggjafinn með réttu séð ástæðu til að heimila framlengingu á framfærsluskyldu meðlagsaðila til 20 ára aldurs vegna menntunar eða starfsþjálfunar barna. Einnig er heimilt skv. 19. gr. barnalaga að úrskurða sérstök framlög af hendi meðlagsaðila vegna sérstakra útgjalda þess foreldris sem forræði barnsins hefur, t. d. vegna útgjalda við fermingu, vegna sjúkdóms eða af öðru sérstöku tilefni. Þennan bakhjarl hafa ekkjur t. a. m. ekki og geta ekki leitað til hins opinbera um fjárhagslega aðstoð í þessu skyni. Á þetta atriði er bent hér til að sýna fram á hve brýnt er að breyta þessu ákvæði í barnalögunum þannig að hið opinbera veiti þessa fjárhaglegu aðstoð þegar um einstæða foreldra er að ræða sem ekki geta leitað til meðalagsskyldra aðila s. s. vegna menntunar eða starfsþjálfunar barna.

Af þessu má einnig ljóst vera hve afkoma foreldralessra barna getur verið ótrygg, og t. a. m. komið í veg fyrir frekari skólagöngu þeirra, þar sem greiðslu úr lífeyrissjóði lýkur við 18 ára aldur og ekki er til neins meðlagsskylds aðila að leita. Gæti það skipt verulegu máli fyrir framtíð foreldralessra barna og ungmenna að lögunum um Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna yrði breytt eins og hér er lagt til á þann hátt að lífeyrisréttindi sem foreldri hefur áunnið sér gæti við fráfall þess tryggt öruggari fjárhagslega afkomu barna á uppvaxtarárum, s. s. vegna náms eða þegar sérstaklega stendur á, t. d. vegna fötlunar, langvarandi sjúkdóms eða annarra félagslegra aðstæðna.

Ef frumvarp þetta yrði samþykkt er nauðsynlegt að stjórnvöld beiti sér fyrir því að sett verði sambærileg ákvæði í reglugerðir allra starfandi lífeyrissjóða í landinu.